

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXX. árg.

1949.

Fimmtudaginn 13. janúar 1949.

Kærumálið nr. 8/1948.

Brynjólfur Jónsson

gegn

Pórhalli Sigjónssyni.

Kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. nóv. f. á., sem hingað barst 17. des. sl., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 16. nóv. f. á., þar sem kröfu um vísun máls varnaraðilja gegn sóknaraðilja frá héraðsdómi var hrundið. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður þessi verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og honum dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðilja í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða honum málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 300.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Það athugast, að mál þetta var kært til Hæstaréttar 17. nóv. f. á., en skjöl kærumálsins bárust þó hingað eigi fyrr en hinn 17. des. sl. frá borgardómara, og hefur sá dráttur ekki verið réttlættur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Brynjólfur Jónsson, greiði varnaraðilja, Þórhalli Sigjónssyni, kr. 300.00 í málskostnað í Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 16. nóv. 1948.

Mál þetta, sem tekið var dóms eða úrskurðar um frávisunarkröfu 8. þ. m., hefur Þórhallur Sigjónsson, bifreiðarstjóri hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, út gefinni 11. maí sl., gegn Brynjólfi Jónssyni, Grettisgötu 50 hér í bænum, til endurheimtu ofgreiddrar húsaleigu, að fjárhæð kr. 9040.65, með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 7. maí sl., til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafist þess, að málinu verði vísað frá dómi, til *væra* sýknu og til *þrautavara* skuldajafnaðar á kröfum, sem hann telur sig eiga á stefnanda, við kröfur hans í málinu. Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, sem hér greinir:

Stefnandi hafði á leigu 4 herbergja íbúð í húsi stefnda, nr. 50 við Grettisgötu hér í bænum, frá 15. apríl 1947 til 15. apríl sl. og greiddi í leigu fyrir tímabilið kr. 10.800.00. Stefnandi framleigði nokkurn hluta íbúðar sinnar, og hefur hann viðurkennt að hafa tekið hærri leigu af framleigutökum sínum en heimilt sé samkvæmt síðargreindum úrskurði húsaleigunefndar. Stefnandi hefur haldið fram, að stefnandi hafi tekið rúmlega 6 þúsund krónur fyrir framleigu íbúðarinnar eða öllu heldur hluta hennar, meðan hann bjó þar. Að beiðni stefnanda fór fram mat húsaleigunefndar Reykjavíkur á leigu eftir íbúð hans í húsi stefnda hinn 28. apríl sl. Hæfileg grunnleiga var metin kr. 100.00 á mánuði, en þess er jafnframt getið í matsgerðinni, að frá matsupphæðinni dragist 10% samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnarinnar. Í máli þessu krefur stefnandi stefndan um mismun greiddrar leigu og leigu samkvæmt mati húsaleigunefndar.

Stefndi byggir frávisunarkröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi áskilið sér hærri húsaleigu en lög leyfa af framleigutökum sínum að hluta íbúðarinnar. Hér liggja því raunverulega fyrir samkvæmt kröfum stefnanda að kveða á um, hvor málsaðilja eigi að njóta hagnaðar af lögbrotum, sem þeir hvor um sig hafi framið.

Stefnandi hefur mótmælt þessari frávisunarástæðu stefnda.

Krafa stefnanda er, eins og áður getur, um endurheimtu oftekinnar húsaleigu úr hendi stefnda. Ekki verður á það fallið, að það firri kröfu þessa lögvernd, þótt stefnandi kunni að hafa áskilið sér hærri leigu en lög

heimila úr hendi öðrum fyrir hluta þessa sama húsnæðis. Verður frávisunarkrafa stefnda því eigi tekin til greina af þessum ástæðum.

Með kæru til sakadómarans í Reykjavík, dags. 29. f. m., kærði stefnandi stefndan til refsingar fyrir brot á húsaleigulögunum, nr. 39 frá 1943. Gerði hann í kærinni jafnframt kröfu um, að stefndi yrði skyldaður til endurgreiðslu hinnar ofteknu leigu. Er það sama krafa og stefnandi hefur uppi í þessu máli. Mál út af kæru þessari var tekið fyrir hjá sakadómara 6. þ. m. Byggir stefndi nú frávisunarkröfu sína öðrum þræði á því, að vísa beri máli þessu hér frá dómi sökum þess, að sama dómkrafa liggi nú fyrir til úrlausnar hjá öðrum dómstóli.

Þessari málsástæðu stefnda hefur stefnandi mótmælt og hefur í því sambandi bent á, að óvíst sé, hvort kröfunni um endurheimtu húsaleigunnar verði haldið til streitu í sambandi við málssókn út af framangreindri kæru.

Það varðar eigi frávisun máls þessa hér frá dómi, þótt aðaldómkrafa þess hafi eftir þingfestingu málsins hér verið lögð fyrir annan hliðstæðan dómstól til úrlausnar, enda hefur sá dómstóll ekki lagt dóm á kröfuna. Verður frávisunarkrafan því ekki tekin til greina af þessum ástæðum.

Samkvæmt framangreindu verður frávisunarkrafa stefnda eigi tekin til greina. Rétt þykir, að ákvörðun málskostnaðar bíði væntanlegs efnisdóms í málinu.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind frávisunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 24. janúar 1949.

Nr. 105/1946. **Björn Pálsson** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Guðmundi Sigurðssyni (Eggert Claessen).

Um eignarrétt að skinni af silfurref, sem sloppið hafði úr refagarði og var skotinn. Ágreiningur dómenda.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur hinum áfrýjaða úrskurði til